

## LÖG

### um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. 19. gr. skal eftirlitsgjald ekki innheimt fyrir árið 2009. Kostnaður við starf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala á árinu 2009 skal greiðast úr sjóði nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. mars 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Gylfi Magnússon.*